

LANDSNET

Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2025

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um aðra heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Hagnaður af rekstri félagsins var á tímabilinu 11.533 þús. USD og heildarafkoma tímabilsins nam 11.460 þús. USD og eigið fé félagsins var 568.404 þús. USD í lok tímabilsins.

Hlutfé í lok júní 2025 skiptist á tvo hluthafa, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Ríkissjóður Íslands.....	93,22%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%

Rekstur ársins og horfur

Hagnaður fyrstu 6 mánuði ársins nam 11,5 milljónum USD. Rekstur félagsins gengur vel og í takt við áætlanir. Hagnaður tímabilsins er þó lægri en var á sama tímabili síðasta árs og skýrist sú lækking að mestu af kreditreikningum sem gefnir voru út í byrjun árs vegna endurgreiðslu á afgjaldi vegna innmötunar raforku, sem nam um 22,4 milljónum USD að viðbættum vöxtum. Endurgreiðslan var gerð eftir dóm Hæstaréttar í máli nr. 2/2024, samninga við hlutaðeigandi aðila og samráð við Raforkueftirlitið. Landsnet hf. hækkaði gjaldskrá vegna flutningsgjalda í byrjun árs, meðal annars vegna umrædds dóms, þar sem ákvarðað var að endanotendur en ekki framleiðendur skyldu greiða flutningsgjöld raforku. Fjórir aðilar hafa kært gjaldskrárhækkunina til úrskurðarnefndar raforkumála en ekki liggur fyrir hvenær niðurstöðu úr þeim málum er að vænta. Það er mat stjórnenda að ekki séu líkur til þess að fallist verði á röksemdir kæranda. Nánar er fjallað um málin í skýringu nr. 16.

Landsneti eru ákvarðaðar tekjur samkvæmt raforkulögum. Umræddur dómur gekk einungis út á að ákvarða hvaða aðilar sem koma að kerfinu skuli greiða fyrir flutningin, enginn ágreiningur var um heimilaðar tekjur félagsins eða þá umgjörð sem um þær gilda. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að hagnaður félagsins í lok árs verði í takt við áætlanir og hagnað fyrri ára.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2025 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2025.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. ágúst 2025.

Stjórn félagsins:

Haraldur Flosi Tryggvason Klein

Kristján Arinbjarnar

Ruth Elfarsdóttir

Stefán Pétursson

Harpa Þuríður Böðvarsdóttir

Forstjóri:

Ragna Árnadóttir

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Landsneti hf.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um reiknings skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árs hlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við reiknings skilastaðal IAS 34 um árs hlutareiknings skil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reiknings skilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reiknings skilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reiknings skilastaðal IAS 34 um árs hlutareiknings skil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 21. ágúst 2025.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Berglind Klara Daníelsdóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2025

	Skýr.	1.1-30.6.2025	1.1-30.6.2024
Rekstrartekjur			
Tekjur af raforkuflutningi	5	90.298	91.404
Aðrar tekjur		1.459	990
		<u>91.757</u>	<u>92.394</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	6	19.808	16.822
Rekstur flutningskerfis	7	31.172	29.230
Kerfisstjórn	7	2.614	2.442
Annar rekstrarkostnaður	7	10.159	8.955
		<u>63.753</u>	<u>57.449</u>
Rekstrarhagnaður		28.004	34.945
Fjármunatekjur		1.935	2.876
Fjármagnsgjöld		(15.468)	(11.131)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(13.533)	(8.255)
Áhrif hlutdeildarfélags		(40)	(28)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		14.431	26.662
Tekjuskattur	9	(2.898)	(5.582)
Hagnaður tímabilsins		<u>11.533</u>	<u>21.080</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynnt hagnaður á hvern USD hlutafjár		0,25	0,46

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Yfirlit um aðra heildarafkomu

1. janúar - 30. júní 2025

	Skýr.	1.1-30.6.2025	1.1-30.6.2024
Hagnaður tímabilsins		11.533	21.080
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:			
Þýðingamunur vegna dóttur- og hlutdeildarféлага		257	(86)
Breyting niðurrifsskuldbindingar að teknu tilliti til tekjuskatts	(330)	(236)
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé	(73)	(322)
Heildarafkoma tímabilsins		11.460	20.758

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur 30. júní 2025

	Skýr.	30.6.2025	31.12.2024
Eignir			
Rekstrarfjármunir	7,10	971.344	973.157
Flutningsvirki í byggingu	10	153.254	121.726
Óefnislegar eignir	11	23.222	17.915
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi		5.649	4.891
Langtímakröfur	15	5.087	4.128
Fastafjármunir		<u>1.158.556</u>	<u>1.121.817</u>
Birgðir		5.685	6.140
Viðskiptakröfur á hlutdeildarfélag	15	650	485
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		36.459	28.882
Handbært fé		48.774	78.842
Veltufjármunir		<u>91.568</u>	<u>114.349</u>
Eignir samtals		<u>1.250.124</u>	<u>1.236.166</u>
Eigið fé			
Hlutfé		45.549	45.549
Lögbundinn varasjóður		11.387	11.387
Bundið eigið fé		1.370	1.410
Endurmatsreikningur		233.392	239.015
Þýðingarmunur	(117)	(374)
Óráðstafað eigið fé		276.823	277.957
Eigið fé		<u>568.404</u>	<u>574.944</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	12	484.010	487.093
Tekjuskattsskuldbinding	13	83.642	83.252
Fyrirframinnheimtar tekjur		21.900	21.972
Niðurrifsskuldbinding		11.901	11.128
Langtímaskuldir		<u>601.453</u>	<u>603.445</u>
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	12	17.542	16.960
Tekjuskattur til greiðslu		14.951	14.175
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		47.774	26.642
Skammtímaskuldir		<u>80.267</u>	<u>57.777</u>
Skuldir samtals		<u>681.720</u>	<u>661.222</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.250.124</u>	<u>1.236.166</u>

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2025

	Hlutfé	Lögbundinn varsjóður	Bundið eigið fé	Þýðinga- munur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals	
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2024:								
Eigið fé 1. janúar 2024.....	45.549	11.387	1.386 (315)	210.742	238.751	507.500	
Hagnaður tímabilsins.....						21.080	21.080	
Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu.....				(236)	(236)	
Þýðingamunur.....			(86)		(86)	
Heildarhagnaður tímabilsins.....		0	0 (86)	(21.080	20.758	
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélags.....		(28)			28	0	
Úthlutaður arður til eigenda.....					(13.000)	(13.000)
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(5.114)	0	
Eigið fé 30. júní 2024.....	45.549	11.387	1.358 (401)	205.392	251.973	515.258	
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2025:								
Eigið fé 1. janúar 2025.....	45.549	11.387	1.410 (374)	239.015	277.957	574.944	
Hagnaður tímabilsins.....						11.533	11.533	
Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu.....				(330)	(330)	
Þýðingamunur.....				257			257	
Heildarhagnaður tímabilsins.....		0	0	257 (330)	11.533	11.460	
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélags.....		(40)			40	0	
Úthlutaður arður til eigenda.....					(18.000)	(18.000)
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(5.293)	0	
Eigið fé 30. júní 2025.....	45.549	11.387	1.370 (117)	233.392	276.823	568.404	

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2025

	Skýr.	1.1-30.6.2025	1.1-30.6.2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		28.004	34.945
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Sölutap fastafjármuna		15	7
Afskriftir	7	18.939	18.341
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		46.958	53.293
Rekstartengdar eignir, hækkun	(6.433)	(655)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		2.472	3.081
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		42.997	55.719
Innborgaðar vaxtatekjur		1.161	1.346
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(14.295)	(8.573)
Greiddur tekjuskattur	(1.649)	(3.355)
Handbært fé frá rekstri		28.214	45.137
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	10	(46.354)	(27.153)
Aðrar fjárfestingar	10,11	(7.487)	(2.646)
Söluverð fastafjármuna		8	26
Langtímakröfur, breyting		(279)	(361)
Fjárfestingarhreyfingar		(54.112)	(30.134)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin langtímalán		0	49.922
Afborganir langtímalána	(8.726)	(27.490)
Greiddur arður til eigenda		0	(13.000)
Fjármögnunarhreyfingar		(8.726)	9.432
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(34.624)	24.435
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		4.556	(199)
Handbært fé í ársbyrjun		78.842	54.324
Handbært fé í lok tímabilsins		48.774	78.560

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfahlöt 9, Reykjavík. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2024. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.landsnet.is og á www.nasdaqomxnordic.com

3. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

4. Reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2024. □

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram. Árshlutareikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur innleitt alla reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2025 og hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu. Félagið hefur ekki innleitt nýja staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra staðla sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á árshlutareikninginn.

5. Tekjur af raforkuflutningi

	2025	2024
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:		
Orkuflutningur til stórnotenda	40.687	46.064
Orkuflutningur til dreifiveitna	28.402	25.371
Flutningstap og kerfisþjónusta	20.031	18.894
Þjónustutekjur og jöfnunarorka	406	476
Innmötunargjald	772	599
Tekjur af raforkuflutningi samtals	<u>90.298</u>	<u>91.404</u>

6. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:		
Orkukaup vegna flutningstapa	13.644	10.954
Kerfisþjónustukaup	6.164	5.868
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	<u>19.808</u>	<u>16.822</u>

Skýringar, frh.:

	2025	2024
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
7. Afskriftir		
Afskriftir greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 10	18.621	17.960
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 11	318	381
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	18.939	18.341
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Rekstur flutningskerfis	18.499	17.719
Kerfisstjórn	20	175
Annar rekstrarkostnaður	420	447
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	18.939	18.341

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum	795	1.652
Tekjur af verðbréfaeign	1.140	441
Gengishagnaður	0	783
Fjármunatekjur samtals	1.935	2.876
Vaxtagjöld	(11.900)	(11.166)
Vaxtagjöld vegna endurgreiðslu innmötunargjalda	(3.092)	0
Verðbætur	(916)	(1.223)
Gengistap	(2.455)	0
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(361)	(333)
Eignfærður fjármagnskostnaður vegna flutningsvirkja í byggingu	3.256	1.591
Fjármagnsgjöld samtals	(15.468)	(11.131)
Hrein fjármagnsgjöld	(13.533)	(8.255)

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 5,1% (30.6.24: 5,0%) á ársgrundvelli af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu og undirbúningsverkefnum á tímabilinu. Um er að ræða meðaltals fjármagnskostnað félagsins á tímabilinu.

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

	2025	2024
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Frestaður tekjuskattur tímabilsins	(391)	(468)
Tekjuskattur færður meðal annarrar heildarafkomu	(82)	(59)
Tekjuskattur til greiðslu	(2.425)	(5.055)
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	(2.898)	(5.582)
Virkur tekjuskattur	(20,1%)	(20,9%)

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2024	590.295	838.766	46.844	1.475.905
Endurmat	29.932	43.213	0	73.145
Viðbætur á árinu	819	1.466	2.716	5.001
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	4.676	8.681	0	13.357
Selt	0	0	(79)	(79)
Staða 31.12.2024	625.722	892.126	49.481	1.567.329

Skýringar, frh.:

10. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Viðbætur á tímabilinu	909	769	612	2.290
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	7.906	6.635	0	14.541
Selt	0	0	(34)	(34)
Staða 30.6.2025	634.537	899.530	50.059	1.584.126
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2024	207.277	304.273	21.145	532.695
Endurmat	10.496	16.373	0	26.869
Afskriftir ársins	15.297	17.623	1.735	34.655
Selt og aflagt	0	0	(47)	(47)
Staða 31.12.2024	233.070	338.269	22.833	594.172
Afskriftir tímabilsins	8.632	9.250	739	18.621
Selt	0	0	(11)	(11)
Staða 30.6.2025	241.702	347.519	23.561	612.782
Bókfært verð				
1.1.2024	383.018	534.493	25.699	943.210
31.12.2024	392.652	553.857	26.648	973.157
30.6.2025	392.835	552.011	26.498	971.344
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2024	281.174	378.515	25.699	685.388
31.12.2024	276.009	372.392	26.648	675.049
30.6.2025	279.176	375.516	26.498	681.190

Virðismat fastafjármuna í rekstri

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þessar eignir voru síðast endurmetnar í lok árs 2024.

Samkvæmt stefnu félagsins um endurmat rekstrarfjármuna þá endurmetur félagið línur og tengivirki. Til grundvallar á endurmati ársins er annarsvegar rekstrarvirði með sjóðsstreymisgreiningu og hinsvegar áætlaður endurbyggingarkostnaður flutningskerfisins, sem metinn er af óháðum sérfræðingum. Virðisrýmunarpróf á undirliggjandi eignum er einnig framkvæmt einu sinni á ári og er það gert fyrir ársuppgjör félagsins. Í 6 mánaða uppgjöri hafa stjórnendur lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun eigna og er niðurstaðan sú að svo sé ekki.

Flutningsvirki í byggingu:

	2025	2024
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.	121.726	56.655
Viðbætur á tímabilinu	44.794	72.940
Flutt á rekstrarfjármuni	(14.542)	(13.356)
Flutt af undirbúningskostnaði	1.276	5.487
Staða 30.6. / 31.12.	153.254	121.726

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2024	26.678	6.864	33.542
Viðbætur á árinu	4.760	150	4.910
Flutt af flutningsvirki í byggingu	(5.487)	0	(5.487)
Staða 31.12.2024	25.951	7.014	32.965
Viðbætur á tímabilinu	6.563	338	6.901
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(1.276)	0	(1.276)
Staða 30.6.2025	31.238	7.352	38.590
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2024	10.038	4.107	14.145
Afskriftir ársins	729	176	905
Staða 31.12.2024	10.767	4.283	15.050
Afskriftir tímabilsins	236	82	318
Staða 30.6.2025	11.003	4.365	15.368
Bókfært verð			
1.1.2024	16.640	2.757	19.397
31.12.2024	15.184	2.731	17.915
30.6.2025	20.235	2.987	23.222

12. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Langtímaskuldir	30.6.2025	31.12.2024
Lánasamningar og skuldabréf í bandaríkjadöllum (USD), fastir vextir	460.681	467.702
Skráð skuldabréf á NASDAQ OMX í íslenskum krónum, fastir vextir	39.121	34.926
	499.802	502.628
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(17.542)	(16.960)
	482.260	485.668
Skuldbinding vegna nýtingarréttar leigueigna	1.750	1.425
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	484.010	487.093

Vaxtakjör af lánum félagsins eru frá 2,08% til 5,73%. Vegnir meðalvextir félagsins eru 4,58% (31.12.2024: 4,56%).

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

1.7.2025 - 30.6.2026 / 1.1.2025 - 31.12.2025	17.542	16.960
1.7.2026 - 30.6.2027 / 1.1.2026 - 31.12.2026	117.756	68.115
1.7.2027 - 30.6.2028 / 1.1.2027 - 31.12.2027	15.502	66.343
1.7.2028 - 30.6.2029 / 1.1.2028 - 31.12.2028	71.798	43.982
1.7.2029 - 30.6.2030 / 1.1.2029 - 31.12.2029	58.041	43.192
Síðar	219.163	264.036
	499.802	502.628

Skýringar, frh.:

13. Tekjuskattskuldbinding

	2025	2024
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar	83.252	76.459
Reiknaður tekjuskattur	2.898	11.626
Áhrif tekjuskatts á heildarafkomu vegna niðurrifsskuldbindingar	(83)	86
Áhrif tekjuskatts af endurmati fært yfir eigið fé	0	9.256
Tekjuskattur til greiðslu	(2.425)	(14.175)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	83.642	83.252

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:

Rekstrarfjármunir	88.354	87.753
Óefnislegar eignir	1.915	1.671
Aðrar eignir	838	794
Niðurrifsskuldbinding	(2.380)	(2.225)
Aðrar skuldbindingar	(4.787)	(4.731)
Óinnleystur gengismunur	(298)	(10)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	83.642	83.252

14. Fjármálagerningar

Lausafjánhætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

30. júní 2025

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan 12 mánaða	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Langtímask.	503.799	625.926	40.398	138.718	190.145	256.665
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	36.766	36.766	36.766	0	0	0
	540.565	662.692	77.164	138.718	190.145	256.665

31. desember 2024

Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:

Langtímask.	506.605	637.568	39.856	90.352	201.204	306.156
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	19.034	19.034	19.034	0	0	0
	525.639	656.602	58.890	90.352	201.204	306.156

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	30.6.2025		31.12.2024	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Aðrar langtímaskuldir	(499.802)	(504.623)	(502.628)	(505.589)
	(499.802)	(504.623)	(502.628)	(505.589)

Skýringar, frh.:

14. Fjármálagerningar, frh.:

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 1 prósentustiga álags á uppgjörstigi.

15. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Rekstur dótturfélags Landsnets, Elma orkuviðskipta ehf., er óverulegur á tímabilinu og því ekki gerður samstæðureikningur. Neikvæður eignahluti dótturfélagsins er nettaður á móti skammtímakröfu á félagið og færður meðal skammtímaskulda.

Viðskipti við tengda aðila

	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024
Sala á vöru og þjónustu:		
Dóttur- og hlutdeildarfélag	18	11
Aðrir hluthafar	20.704	20.827
Sala á vöru og þjónustu til tengdra aðila samtals	20.722	20.838
Kaup á vörum og þjónustu:		
Dóttur- og hlutdeildarfélag	1.598	1.141
Aðrir hluthafar	2.153	1.743
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals	3.751	2.884

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2025		31.12.2024	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélag	650 (1.524)	485 (1.015)
Aðrir hluthafar	3.709	0	4.426	0
Samtals	4.359 (1.524)	4.911	0

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2025	31.12.2024
Vaxtaberandi langtímakröfur við dóttur- og hlutdeildarfélag	5.087	4.128

16. Önnur mál

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 2/2024 sem féll hinn 5. júní 2024 var að kröfu Landsvirkjunar sf. staðfest að Landsneti hefði verið óheimilt að krefja raforkuframléiðendur um afgang vegna innmötunar raforku á flutningskerfi Landsnets. Slíkt gjald var innheimt á tímabilinu 1.4.2022–30.9.2023 og nam í heild um 3,1 ma. kr. Á sama tímabili var flutningsgjald sem innheimt var af raforkunotendum lækkað til samræmis enda heildartekjur félagsins ákvarðaðar á grundvelli tekjumarka sem Raforkueftirlitið setur Landsneti samkvæmt ákvæðum í raforkulaga.

Dómurinn felur í sér að komi ekki til breytinga á raforkulögum er einungis heimilt að krefja raforkunotendur um greiðslu vegna flutnings raforku. Dómsniðurstaðan hefur hins vegar engin áhrif á tekjumörk Landsnets skv. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 eða fjárhæð þeirra. Dómurinn hefur því ekki áhrif á heildartekjur sem Landsneti er heimilt að innheimta og eftir sem áður eru allar kerfiseignir Landsnets grundvöllur tekjumarka.

Skýringar, frh.:

16. Önnur mál, frh.:

Að loknum viðræðum við hagaðila og eftir samskipti við Raforkueftirlitið gaf Landsnet út kreditreikninga þann 15. janúar sl. vegna áður innheimtra tekna á grunni aflgjalds fyrir innmötun og endurgreiddi höfuðstól heildarfjárhæðar sem innheimt var á þeim grunni á fyrrgreindu tímabili til allra raforkuframleiðenda sem gjaldið greiddu. Vegna áhrifa útgáfu kreditreikninga á tekjur hækkaði Landsnet flutningsgjaldskrá til stórnótenda hinn 1. janúar sl. og flutningsgjaldskrá til dreifiveitna hinn 1. mars sl. Neikvæð áhrif á rekstrarhagnað félagsins á fyrri hluta ársins eru um 11,7 milljón USD en vegna gjaldskrárhækkunar verða áhrifin gengin að mestu til baka í lok árs 2025. Langtímaáhrif endurgreiðslunnar eru því metin óveruleg.

Á fyrri hluta ársins náði Landsnet samkomulagi við raforkuframleiðendur um greiðslu vaxta í tengslum við þá fjármuni sem endurgreiddir voru vegna innmötunargjaldsins. Vextir voru greiddir í sömu mynt og innheimt var í. Heildarfjárhæð greiddra vaxta var 3,1 milljón USD. Um fullnaðaruppgjör vaxta er að ræða sem hefur eins skiptis áhrif á fjármagnsgjöld félagsins.

Fjórir aðilar kærðu flutningsgjaldskrá stórnótenda nr. 54, sem tók gildi 1. janúar sl., til úrskurðarnefndar raforkumála. Kærendur eru annars vegar tveir stórnótendur og hins vegar tveir raforkuframleiðendur. Kröfugerð kærenda felur í öllum tilfellum í sér kröfu um að gjaldskráin verði felld úr gildi. Meginröksemd kærenda fyrir því að ógilda eigi gjaldskrána er sú að hækkun flutningsgjaldskrár sé óheimil vegna þess að hækkun gjaldskrárinnar feli í sér ólögmeta hækkun á tekjumörkum Landsnets í því skyni að fjármagna endurgreiðslu innmötunargjalds til raforkuframleiðenda í kjölfar dóms Hæstaréttar. Landsnet telur röksemdir kærenda ekki eiga sér stoð enda hafði fyrrgreind niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 2/2024 ekki áhrif á tekjumörk Landsnets. Hækkun Landsnets á tilgreindri gjaldskrá byggir á því að með útgáfu kreditreikninga og endurgreiðslu innmötunargjalds hafi skapast svigrúm innan gildandi tekjumarka til þeirrar hækkunar sem gjaldskrá nr. 54 felur í sér. Raforkueftirlitið fjallaði um gjaldskrána og gerði ekki athugasemdir við hana og féllst í umfjöllun sinni um hana á framangreindan rökstuðning Landsnets fyrir hækkuninni.

Ekki liggur fyrir hvenær niðurstöðu úrskurðarnefndar er að vænta. Það er mat stjórnenda að ekki séu líkur til þess að fallist verði á framangreindar röksemdir kærenda.

Á aðalfundi hinn 28. mars síðastliðinn var samþykkt að eigendum fyrirtækisins yrði greiddur arður að fjárhæð 18 millj. USD. Arðurinn verður greiddur í september næstkomandi.

17. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024
Rekstrarhagnaður (EBIT)	28.004	34.945
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	46.943	53.286
Efnahagur:	30.6.2025	31.12.2024
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,14	1,98
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	45,5%	46,5%
Arðsemi eigin fjár á meðalstöðu eiginfjár	4,0%	8,0%